

Anna Lísu Guðmundsdóttir

Fornleifaskráning hluta jarðarinnar Hlíðarhúsa

vegna deiliskipulags reits sem afmarkast af Vesturgötu,
Norðurstíg, Tryggvagötu og Grófinni.



Minjasafn Reykjavíkur

Árbæjarsafn
Skýrsla nr 104
Reykjavík 2003

Kort Anna Lísu Guðmundsdóttur

Minjasafn Reykjavíkur – Árbæjarsafn
Reykjavík 2003
© Minjasafn Reykjavíkur – Árbæjarsafn
Anna Lísu Guðmundsdóttur

Skýrslur Minjasafns Reykjavíkur- Árbæjarsafns 104
Ábyrgðarmaður Guðný Gerður Gunnarsdóttur

Öll réttindi áskilin

Efnisyfirlit

| | | |
|----|---|----|
| 1. | Inngangur..... | 3 |
| 2. | Almennt um verndun fornleifa og tilgang skráningar..... | 3 |
| 3. | Fornleifaskráning..... | 4 |
| 4. | Saga Hlíðarhúsa - 181283-3 | 5 |
| 5. | Hluti af fornleifaskrá jarðarinnar Hlíðarhúsa..... | 13 |
| | Hlíðarhús 181283 3 – 62..... | 13 |
| | Hlíðarhús 181283 3 – 63..... | 13 |
| | Hlíðarhús 181283 3 – 66..... | 14 |
| | Hlíðarhús 181283 3 – 67..... | 14 |
| | Hlíðarhús 181283 3 – 68..... | 14 |
| | Hlíðarhús 181283 3 – 69..... | 15 |
| | Hlíðarhús 181283 3 – 70..... | 15 |
| | Hlíðarhús 181283 3 – 71..... | 15 |
| | Hlíðarhús 181283 3 – 72..... | 15 |
| | Hlíðarhús 181283 3 – 73..... | 16 |
| | Hlíðarhús 181283 3 – 74..... | 16 |
| | Hlíðarhús 181283 3 – 75..... | 16 |
| | Hlíðarhús 181283 3 – 76..... | 16 |
| | Hlíðarhús 181283 3 – 77..... | 17 |
| | Hlíðarhús 181283 3 – 78..... | 17 |
| | Hlíðarhús 181283 3 – 79..... | 17 |
| | Hlíðarhús 181283 3 – 80..... | 17 |
| | Hlíðarhús 181283 3 – 81..... | 18 |
| | Hlíðarhús 181283 3 – 82..... | 18 |
| | Hlíðarhús 181283 3 – 83..... | 18 |
| | Hlíðarhús 181283 3 – 84..... | 18 |
| | Hlíðarhús 181283 3 – 85..... | 18 |
| | Hlíðarhús 181283 3 – 86..... | 19 |
| | Hlíðarhús 181283 3 – 87..... | 19 |
| | Hlíðarhús 181283 3 – 88..... | 19 |
| 6. | Niðurstöður | 20 |
| 7. | Heimildaskrá | 20 |

Myndaskrá

| | | |
|----------|---|----|
| Mynd 1. | Staðsetning Hlíðarhúsajarðarinnar | 5 |
| Mynd 2. | Hlíðarhús nr. 3-1 1887, horft austur eftir | 6 |
| Mynd 3. | Hlíðarhús nr. 3-1 1887, horft vestur eftir..... | 6 |
| Mynd 4. | Hlíðarhús. Vesturbær um 1920..... | 7 |
| Mynd 5. | Hlíðarhúsastígur (Vesturgata) og Hlíðarhús (Austurbær) 1897 | 8 |
| Mynd 6. | Kortið sýnir kaupstaðalóðina 1787. | 8 |
| Mynd 7. | Hluti af korti V. Lottin frá 1836..... | 9 |
| Mynd 8. | Hluti af korti Sveins Sveinssonar frá 1876..... | 9 |
| Mynd 9. | Hluti af korti Sveins Sveinssonar 1887..... | 10 |
| Mynd 10. | Hluti af korti Herforingjaráðs síðan 1902..... | 10 |
| Mynd 11. | Samsett kort Hlíðarhús II..... | 11 |
| Mynd 12. | Hluti af fornleifum Hlíðarhúsajarðarinnar..... | 12 |
| Mynd 13. | Stétt við Vesturgötu 4 nr. 3-81..... | 18 |

1. Inngangur

Verkefni þetta er unnið að beiðni Umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar vegna deiliskipulagsgerðar á svæði sem afmarkast af Vesturgötu, Norðurstíg, Tryggvagötu og Grófinni í austur. Þessi skýrsla er viðbót við þá fornleifaúttekt sem birtist í skýrslu Minjasafns Reykjavíkur nr 98 *Mýrargötusvæði* en þar er jörðin Hlíðarhús skráð að hluta. Þessi skrá inniheldur sögu jarðarinnar og einungis þær minjar sem skráðar eru innan fyrrgreinds reits. Minjarnar eru skráðar í skráningarkerfið Sarp og staðsettar í Landsupplýsingakerfi Reykjavíkur.

Engar fornleifar hafa áður verið skráðar á þessum reit, þannig að um frumskráningu er að ræða. Nákvæmni skráningar miðast við það form sem nægir við gerð deiliskipulags og ætti því að vera tæmandi fyrir þessa framkvæmd. Í lok skýrslunnar eru dregnar saman niðurstöður um fornleifarnar og áætlun gerð um rannsóknir og verndun þeirra samhliða framkvæmdum á svæðinu.

2. Almennt um verndun fornleifa og tilgang skráningar

Í þjóðminjalögum¹ kemur fram að skylt sé að skrá fornleifar á skipulagsskyldum svæðum áður en gengið er frá skipulagi eða endurskoðun þess. Tilgangur þjóðminjalaganna er að stuðla að verndun menningarsögulegra minja og tryggja að íslenskur menningararfur flytjist óspilltur til komandi kynslóða. Meðal þess sem telst til menningararfsins eru fornleifar sem í 9. grein þjóðminjalaga eru skilgreindar þannig:

Til fornleifa teljast hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:

- a. búsetulandslag, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum og öskuhaugum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænahúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum.
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri.
- c. gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita.
- d. gamlir vegir, stúflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra.
- e. virki og skansar og önnur varnarmannvirki.
- f. gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð.
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum.
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið.
- i. skipsflök eða hlutar úr þeim.

Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar, sbr. 11. gr.

Samkvæmt lögum eru allar fornleifar friðhelgar og verndaðar gegn hvers kyns raski. Í 10. grein laganna segir;

¹ Þjóðminjalög 107/2001 <http://www.althingi.is/lagas/nuna/2001107.html>

Fornleifum má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi né nokkur annar, spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja nema með leyfi Fornleifaverndar ríkisins.

Þetta á við um allar fornleifar, þekktar sem óþekktar, sbr. 13. grein:

Nú finnast fornleifar sem áður voru ókunnar og skal finnandi þá skýra Fornleifavernd ríkisins frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn. Ef fornleifar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd uns fengin er ákvörðun Fornleifaverndar ríkisins um hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum.

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að koma í veg fyrir að fornleifar verði fyrir raski eða skemmdum að nauðsynjalausu. Það er einnig hagrur þeirra sem stýra framkvæmdum að hafa yfirlit yfir fornleifar á tilteknum svæðum. Þannig má minnka líkurnar á að óvænt finnist fornleifar á svæðinu sem nauðsynlega verður að rannsaka. Björgunaruppgröftur sem unninn er vegna framkvæmda og undir þrýstingi frá framkvæmdaraðilum er heldur ekki æskilegur frá sjónarmiði fornleifafræðinnar. Fornleifaskráning sameinar því hagsmuni fræðigreinarinnar og þeirra sem standa að framkvæmdum.² Almennt er æskilegast að framkvæmdum sé beint frá minjastöðum, því að þeir sem standa fyrir meiriháttar framkvæmdum bera kostnað af fornleifarannsóknum sem nauðsynlegar reynast þeirra vegna, sbr. 14. grein þjóðminjalaga.

Nú telur landeigandi, ábúandi eða einhver annar, þar á meðal sá sem stjórnar opinberum framkvæmdum, að hann þurfi að gera jarðrask, svo sem vegna vegagerðar, veitulagnar, framræslu eða skógræktar, er haggað geti við fornleifum og skal hann þá skýra Fornleifavernd ríkisins frá því áður en hafist er handa við verkið. Lýst skal nákvæmlega breytingum þeim er af framkvæmd mundi leiða. Fornleifavernd ríkisins ákveður hvort og hvenær framkvæmd megi hefja og með hvaða skilmálum. Við allar meiri háttar framkvæmdir, svo sem vegagerð, virkjanaframkvæmdir, flugvallargerð, veitulagnir og skógrækt, skal sá sem fyrir þeim stendur bera kostnað af nauðsynlegum rannsóknum.

Í skýrslu þessari er tekin saman skrá yfir þá staði sem geyma fornleifar og aðrar yngri menningarminjar innan reitsins. Skrá þessi uppfyllir þær kröfur sem gerðar eru til fornleifaskráningar fyrir gerð deiliskipulags. Umrætt svæði er mjög þéttbýlt, þar af leiðandi er lítið um að fornleifar séu sjáanlegar á yfirborði. Gott deiliskipulag tekur tillit til sögu, minja og þess umhverfis sem fyrir er og skapar þannig tengingu á milli fortíðar og nútíðar.

3. Fornleifaskráning

Við fornleifaskráningu reitsins var rýnt í örnefnaskrár, kort og aðrar ritaðar heimildir, auk þess sem svæðið var skoðað. Tíndir eru til þeir staðir sem hugsanlega hafa að geyma minjar. Þar sem svæðið er þéttbýlt hafa minjastaðir raskast eða jafnvel eyðst vegna framkvæmda, eftir geta þó leynst í jörðu fornleifar og ætti því að hafa aðgát við jarðrask nálægt minjastöðum.

Fornleifarnar eru skráðar í skráningarkerfið Sarp. Kerfið byggir á því að fornleifar eru skráðar eftir jörðum eins og jarðaskipting var um 1835-45. Fornleifarnar fá þrískipt númer, í fyrsta lagi landsnúmer sem fasteignamat ríkisins úthlutar, næst kemur númer jarðarinnar samkvæmt Jarðabók Johnsens frá 1847, þriðja talan er síðan hlaupandi tala innan jarðarinnar.

² Ragnheiður Traustadóttir, *Fornleifaskráning á Miðnesheiði*, 8.

Við fornleifaskráningu er sögu jarðanna gerð skil, þar er varpað ljósi á þætti sem gefa upplýsingar um sögu byggðar og búskapar á staðnum. Tegundum og hlutverki minja er lýst. Ef minjar finnast ekki á yfirborði eru þær skráðar sem „heimild“. Á þeim stöðum eru líkur á því að minjar sé enn að finna í jörðu eða þær eru horfnar. Í lokin er vísað í þær heimildir sem hafa gefið tilefni til skráningar fornleifa.

Deiliskipulagsreitur sá sem hér er tekinn fyrir, nær yfir lítinn hluta af Hlíðarhúsajörðinni (181283-3). Einungis eru teknir fyrir þeir minjastaðir sem tilheyra þessum reit, aðrar skráningar er að finna í skýrslunni um Mýrargötusvæðið, auk þess sem hluti af jörðinni er óskráður og bíður betri tíma. Skrár fornleifa og húsa geta skarast, en meginreglan er sú að í fornleifaskrá eru skráðir þeir staðir þar sem mannvirki hafa staðið, en standi t.d. enn hús á lóðinni að einhverju leyti eða að hluta eru því gerð skil í húsaskrá.

Við skráningu fornleifa á svæðinu er notast við fimm kort, það er kort af kaupstaðarlóðinni frá 1787, kort eftir V. Lottin frá 1836, kort Sveins Sveinssonar af Reykjavík 1876 og 1887, auk korts Herföngjaráðs síðan 1902.³ Kortum var síðan varpað á núverandi skipulag sem tekið er úr Landsupplýsingakerfi Reykjavíkurborgar (LUKR) og fornleifar staðsettar á núverandi lóðum, að lokum eru þær hnitsettar í kerfinu ISN 93 sem punktur.⁴

4. Saga Hlíðarhúsa - 181283-3

Hlíðarhús var upphaflega hjáleiga jarðarinnar Reykjavíkur og er bærinn talinn innan landamerkjanna Reykjavíkur í vitnisburði um landamerki frá því um 1500.⁵ Hlíðarhús voru orðin sjálfstæð jörð um 1600 og voru Ánanaust hjáleiga þaðan. Það kemur fram í Kóngsbreffi frá 19. apríl 1616, þegar konungur kaupir Reykjavík af ekkju Narfa Ormsonar, að þá voru Hlíðarhús ekki talin með í þeim kaupum.⁶ Talið er að tún jarðarinnar hafi náð niður að Grófinni til austurs⁷ en að Bræðraborgarstíg til vesturs og hafi síðar verið kallað Doktorstún.⁸ Beitarhús hafði jörðin í Sauðagerði. Sel hafði hún í Seljamýri sem var undir Öskjuhlíð.⁹



Mynd 1. Staðsetning Hlíðarhúsajarðarinnar.¹⁰

³ Reykjavíkurkort. *Dagatal 1986*. – *Herföngjaráðskort. Reykjavík*. – Ábs. Sveinn Sveinsson, Kort Reykjavík 1887.

⁴ Borgarvefsjái, <http://borgarvefsja.is/website/bvs/>

⁵ *Diplomatarium Islandicum VII*, nr 474.

⁶ Ólafur Lárússon, *Byggð og saga*, 97-98.

⁷ Páll Línal, *Reykjavík, sögustaður við Sund 2*. bindi, 46.

⁸ Klemens Jónsson, *Saga Reykjavíkur*, I. bindi, 29.

⁹ Örnefnaskrá Reykjavík og Seltjarnes.

¹⁰ Einar S. Arnalds, *Reykjavík, sögustaður við Sund*, 4. bindi, 6.

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segir að samkvæmt sögn manna séu Hlíðarhús partur af Víkurlandi og sjötugur jarðarinnar. Hins vegar höfðu Hlíðarhús þá sérstöðu að þau voru aldrei konungseign, gagnstætt því sem var algengast á suðvesturhorni landsins, heldur í bændaeign og voru því talin til sjálfstæðra lögbýla.¹¹ Hlíðarhús eru ein af jörðum Seltjarnarness og átti jörðinlandamerki að Seli og Reykjavík, sjá mynd 1. sem sýnir staðsetningu jarðarinnar 1703.



Mynd 2. Hlíðarhús nr. 3-1 1887, horft austur eftir. Hús norðan við er nr. 3-10.¹²

Gísli Hákonarson lögmaður (d. 1631) mun hafa verið ábúandi í Hlíðarhúsum. Samkvæmt ábúendatölu frá 1681 bjuggu í Hlíðarhúsum Símon Árnason og kona hans Helga Gunnarsdóttir.¹³ Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1703 er Elín Hákonardóttir sögð eigandi. Ábúendur eru tveir, þeir Stefán Jónsson og Árni Hildibrandsson. Árið 1708 seldi Elín Hlíðarhús ásamt Ánanaustum Ólafi Ólafssyni fyrir 100 ríkisdali í lausafé,¹⁴ en Ólafur gaf þessar eignir Helgafellskirkju á Snæfellsnesi árið 1723.¹⁵

Svo segir í jarðabók J. Johnsen:

Árni Magnússon einn segir frá dýrleika á Hlíðarhúsum (öllum), en í jarðabókinni 1760 er líka sagt frá leigumálum, sem hér greinir. Á Ánanaustum, út af fyrir sig, telur Á. M. 47,1/2 al.lsk. 1 kúg, en prestur nefni þau eigi og telur hann á Hlíðarhúsum öllum vera 16 býli (85 manns), hvar af en flestu (14) vera tómhús. Í nýnefndum konungs úrskurði segir, að leggja megi Hlíðarhús til Reykjavíkur, ef bærinn gjaldi 9 vættir og 30 fiska árlega til prestsins á Helgafelli í Snæfellsnessýslu, sjá brauðskýrsluna þar.¹⁶



Mynd 2. Hlíðarhús nr. 3-1 1887, horft vestur eftir. Torfbær norðan við er nr. 3-11.¹⁷

¹¹ Árni Magnússon og Páll Vídalín, *Jarðabók* 3. bindi, 259-260.

¹² Jón Helgason, *Reykjavík*, þættir og myndir úr sögu bæjarins, 48.

¹³ Klemens Jónsson, *Saga Reykjavíkur*, I. bindi, 56.

¹⁴ Lbs. Nr. 176 4to tilvitnun tekin úr: Klemens Jónsson, *Saga Reykjavíkur* I. bindi, 58.

¹⁵ M.Steph.: Eptirmæli 18. aldar, litla útg, bls.144. tekið úr: Klemens Jónsson, *Saga Reykjavíkur* I. bindi, 58.

¹⁶ J. Johnsen: *Jarðatal á Íslandi*, 121.

¹⁷ Jón Helgason, *Reykjavík*, þættir og myndir úr sögu bæjarins, 47.

Árið 1703 bjuggu í Hlíðarhúsum 15 manns en 1762 voru íbúar orðnir 39.¹⁸ Þessa fjölgun má rekja til stofnunar Innréttinganna 1751, en þá fjölgaði tómthúsum á þessum stöðum og byggðin þéttist. Árið 1835 voru Hlíðarhús og Ánanaust lögð undir lögsagnarumdæmi Reykjavíkur.¹⁹ Jarðamörk áttu Hlíðarhús að Ánanaustum og Reykjavík (1837).

Hægt er að tengja uppbyggingu Hlíðarhúsalandi að mestu til ársins 1866, en þá flutti þaðan burt, ekkja frá E. Thorstensen, ábúandi í Hlíðarhúsum og tók bæjarstjórnin við jörðinni með hjáleigunni Ánanaustum. Einnig ákvað bæjarstjórnin að leggja Hlíðarhúsastíg (nú Vesturgata), byggja brunn og skipta Hlíðarhúsatúni upp til áframhaldandi leigu og uppbyggingar.²⁰



Mynd 4. Hlíðarhús. Vesturbær um 1920 en hann var rifinn árið 1927.²¹

Hlíðarhús stóðu þar sem nú er Vesturgata 24, 26a, 26b, 26c, 28 og einnig yfir á Hlíðarhús b (Norðurbærinn). Á seinni hluta 19. aldar höfðu verið reist mörg býli í Hlíðarhúsum og voru þau Austurbær, Jóns Þórðarsonar-bær, Skáli eða Skálabær, Sund, Miðbær og Vesturbær sem mynduðu bæjarröðina (sjá mynd 2 og 5) en Norðurbærinn (nr. 3-2) stóð stakur fyrir norðan aðalbæjarröðina. Vesturbær stóð lengst en hann var rifinn árið 1927. Enn stendur þó einn veggur sem talið er að hafi verið hluti Hlíðarhúsabæjanna, hann er í Hlíðarhúsi b við Nýlendugötu sem sjá má frá Ægisgötu. Þessi eining hefur tilheyrð Norðurbænum.

Hlíðarhúsabæirnir voru jafnan taldir til fyrirmyndar um alla gerð og umgengni. Um og eftir 1860 voru nokkrir bæir byggðir í Hlíðarhúsalandi, svo sem Mýrarholt (nr. 3-37), Garðhús (nr. 3-53) og Bakki og voru þeir taldir mun byggilegri en bæir fyrir austan Reykjavík, einkum í Skuggahverfinu.²²

Hjá Hlíðarhúsum stóð brunnur sem var nefndur Hlíðarhúsabrunnur (nr. 3-21).²³ Meðfram Hlíðarhúsabæjunum var sjávargata niður í aðalvörina um 1870 (nr. 3-3).²⁴ Eftir að Hlíðarhúsabæirnir byrjuðu að týna tölunni risu þar fjölmörg timburhús sem standa þar enn.

Hlíðarhúsastígur (nr. 3-63) lá úr Grófinni vestur í Ánanaust. Þessi vegur var að mestu á sama stað og Vesturgata liggur nú, nema vestast við Ívarssel hefur hann verið færður vestar. Eftir að Jón Thorsteinsen landlæknir byggði „Doktorshúsið“ sunnan Vesturgötu og fram undir 1880 var gatan kölluð Læknisgata.²⁵ Árið 1860 voru tvö hús reist við Læknisgötu og var þá stefna hennar ákveðin vestur að Hlíðarhúsum. Haldið var áfram við uppbyggingu Vesturgötu árið 1866 er útmældar voru lóðir undir torfbæi

¹⁸ Klemens Jónsson, *Saga Reykjavíkur*, I. bindi, 90.

¹⁹ *Bæjarstjórn í móttun 1836-1872*, 1.

²⁰ *Bæjarstjórn í móttun 1836-1872*, 339 og 345.

²¹ Myndasafn Árbæjarsafns: Ábs. - 10.406.

²² Klemens Jónsson, *Saga Reykjavíkur*, II bindi, 45.

²³ Örnefnaskrá Reykjavíkur og Seltjarnarness, 11.

²⁴ Klemens Jónsson, *Saga Reykjavíkur*, I. bindi, 29.

²⁵ Klemens Jónsson, *Saga Reykjavíkur*, I. bindi, 225.

vestur af þeim hluta sem var þá byggður.²⁶ Þetta var gert samkvæmt ákvæði Byggingarnefndar Reykjavíkur er lagði til að vegurinn skyldi leggjast vestur eftir í beinni línu, svo langt sem Hlíðarhúsalóðin næði á milli húsa Péturs Gíslasonar í Ánanaustum og Jakobs Steingrímssonar í Seli. Nefndin taldi að með tímanum myndi Vesturgatan verða aðalvegurinn fram á Seltjarnarnes og þar af leiðandi var ákveðið að vegurinn skyldi vera nokkuð breiður eða 7 álnir (4,27m). Einnig voru þvergötur Brunnstígur (nr. 3-23) og Bakkastígur (nr. 3-64) fastsettar, en nefndin ályktaði að sú eystri skyldi liggja meðfram Hlíðarhúsum vestanvert niður að sjó og hin ytri skyldi liggja fyrir vestan hjallann á Mýrarholti.²⁷ Nokkrum árum síðar höfðu fjölmörg hús verið reist við Vesturgötu og þvergötur hennar.



Mynd 5. Hlíðarhúsastígur (Vesturgata) og Hlíðarhús (Austurbær) 1897 séð í vestur.²⁸

Ef litið er á þau kort sem til eru af svæðinu, eru Hlíðarhús merkt inn á elsta kortið af Reykjavík frá árinu 1715 en engar frekari upplýsingar. Þegar kaupstaðalóðin var mæld upp og teiknuð 1787 var engin byggð á milli Grófarinnar og Hlíðahúsa fyrir utan eitt hús sem er nánast við Grófina (3-82), sjá mynd 6.



Mynd 6. Kortið sýnir kaupstaðarlóðina 1787. Merkt er inn bærinn Hlíðarhús og eitt hús nr. 3-82 rétt vestan við lóðina í Grófinni.²⁹

²⁶ Klemens Jónsson. *Saga Reykjavíkur*, II bindi, 44, 47.

²⁷ Klemens Jónsson. *Saga Reykjavíkur*, II bindi, 57.

²⁸ Myndasafn Árbæjarsafns Ábs- 10.404. Kopía frá National Museet Danmörk.


²⁹ *Reykjavíkurkort. Dagatal 1986*, (Rasmus Leivog 1787).

Næsti uppdráttur sem sýnir þetta svæði er frá 1836 og er eftir Victor Lottin. Uppdrátturinn þykir frekar nákvæmur og má greina þar bæina Helluland (nr. 3-67) og Merkistein (nr. 3-68) auk annarra smáhúsa.



Mynd 7. Hluti af korti V. Lottin frá 1836.³⁰

Þegar Sveinn Sveinsson gerir uppdráttinn af Reykjavík árið 1876 er byggðin aðeins farin að teygja sig vestur eftir Hlíðarhúsastíg (nr. 3-63) sem þá er orðinn til, kotin eru þá þrjú á þessum reit, Helluland, Merkisteinn og Klettakot (nr. 3-69) auk nokkurra timburhúsa.



Mynd 8. Hluti af korti Sveins Sveinssonar frá 1876.³¹ Á skipulagsreitnum má sjá þrjú torfbæi.

³⁰ Reykjavíkorkort. Dagatal 1986, (Viktor Lottin 1836).

³¹ Reykjavíkorkort. Dagatal 1986, (Sveinn Sveinsson 1876).



Mynd 9. Hluti af korti Sveins Sveinssonar 1887.³² Timburhúsabyggðin er farin að þéttast á svæðinu og Norðurstígur 3-62 orðinn til.

Á korti Sveins Sveinssonar frá 1887, hefur timburhúsabyggðin aukist við Vesturgötuna og einungis einn torfbær, Klettakot, er á skipulagssvæðinu. Norðurstígur (3-62) er orðinn til og Geirsbryggja (3-79).


Kort Landmælingadeildar herforingjaráðs frá 1902 sýnir síðan hvar bólverkin 3-66 og 3-80 hafa verið á svæðinu.




Mynd 10. Hluti af korti Herforingjaráðs síðan 1902.³³ Staðsetning bólverka 3-66 og 3-80 og Geirsbryggju 3-79.

³² Ábs., Sveinn Sveinsson, Kort Reykjavíkur 1887.

³³ Herforingjaráðskort. Reykjavík 1902.



Mynd 11. Samsett kort Hlíðarhús II. Kortið er sett saman úr tveimur kortagrunnum, undir er grunnur úr Borgarsjánni sem sýnir skipulagið eins og það er í dag (23.11.2003), yfir er sett kort Sveins Sveinssonar frá 1887. Inn á kortið eru merktar þær fornleifar sem eru á skipulagsreitnum.



Mynd 12. Hluti af fornleifum Hlíðarhúsajarðarinnar, græni ramminn sýnir deiliskipulagssvæðið.

5. Fornleifaskráning Hlíðarhús 181283-3 fyrir reitinn: Vesturgata – Norðurstígur – Tryggvagata - Grófi

Hlíðarhús 181283 3 - 62

Sérheiti: Norðurstígur

Hlutverk: Gata

Tegund: Stígur

Aldur: 1887

Ástand: Ómetið

Horfin: Nei

Staðsetning: Norðurstígur

X=356753,7 Y=408567,8

Staðhættir

Á korti Sveins Sveinssonar frá 1887 er merktur inn vegur frá Hlíðarhúsastíg og norður til sjávar.³⁴ Þessi vegur hefur tengst inn á Vesturgötu á móts við Vesturgötu 17 og legið á mjög svipuðum slóðum og Norðurstígur er í dag, nema nyrst virðist hann vera töluvert fyrir vestan núverandi Norðurstíg.³⁵

Hlíðarhús 181283 3 - 63

Sérheiti: Vesturgata, Hlíðarhúsastígur,

Læknisstígur

Hlutverk: Gata

Tegund: Stígur

Ástand: Ómetið

Horfin: Nei

Staðsetning: Vesturgata

X=356703,1 Y=408579,0

Staðhættir

Á korti Sveins Sveinssonar 1876 er merkt inn Vesturgata sem lá úr Grófinni vestur í Ánanaust.³⁶ Þessi vegur er á sama stað og nú er Vesturgata, nema vestast við Ívarssel

hefur hún verið færð vestar.³⁷

Vesturgata hét upprunalega Hlíðarhúsastígur, en eftir að Jón Thorstensen landlæknir byggði „Doktorshúsið“ sunnan Vesturgötu var gatan kölluð Læknisgata fram undir 1880.³⁸ Árið 1860 voru tvö hús reist við Læknisgötu og var þá stefna hennar ákveðin vestur að Hlíðarhúsum. Haldið var áfram við uppbyggingu Vesturgötu árið 1866 er útmældar voru lóðir undir torfbæi vestur af þeim hluta sem var þá byggður.³⁹ Þetta var gert samkvæmt ákvæði Byggingarnefndar Reykjavíkur sem lagði til að vegurinn lægi vestur eftir í beinni línu, svo langt sem Hlíðarhúsalóðin næði á milli húsa Péturs Gíslasonar í Ánanaustum og Jakobs Steingrímssonar í Seli. Nefndin taldi að með tímanum myndi Vesturgatan verða aðalvegurinn fram á Seltjarnarnes og þar af leiðandi var ákveðið að vegurinn skyldi vera nokkuð breiður eða 7 álnir. Einnig voru þvergötur Brunnstígur og Bakkastígur fastsettar, en nefndin ályktaði að sú eystri skyldi liggja meðfram Hlíðarhúsum vestanvert niður að sjó og hin ytri skyldi liggja vestan við vestasta hjallann á Mýrarholti. Nokkrum árum síðar höfðu fjölmörg hús verið reist við Vesturgötu og þvergötur hennar.⁴⁰ G. Zoëga lætur síðan af hendi hluta af lóð Hellulands til breikkunar Vesturgötu 1888.⁴¹

³⁴ Ábs., Sveinn Sveinsson, Kort Reykjavík 1887.

³⁵ Páll V. Bjarnarson, Helga Maureen Gylfadóttir, Anna Lísu Guðmundsdóttir, Jóna Kristín Ámundadóttir, *Mýragötusvæði, Húsakönnun og fornleifaskráning*, 29.

³⁶ *Reykjavíkurkort. Dagatal 1986*, (Sveinn Sveinsson, Kort Reykjavík 1876).

³⁷ Páll V. Bjarnarson, Helga Maureen Gylfadóttir, Anna Lísu Guðmundsdóttir, Jóna Kristín Ámundadóttir, *Mýragötusvæði, Húsakönnun og fornleifaskráning*, 29.

³⁸ Klemens Jónsson, *Saga Reykjavíkur*, I. bindi, 225.

³⁹ Klemens Jónsson, *Saga Reykjavíkur*, II. bindi, 44, 47.

⁴⁰ Klemens Jónsson, *Saga Reykjavíkur*, II. bindi, 57.

⁴¹ Bskj., Brunnavirðingar B/118.

Hlíðarhús 181283 3 - 66

Hlutverk: Bólverk

Tegund: Hleðsla

Aldur: 1880

Lengd: 25 m

Breidd: 1 m

Ástand: Ómetið

Horfin: Nei

Staðsetning: Vesturgata 2-10 Grófin 1
X=356868,6 Y=408482,4

Staðhættir

Bólverk eða steinhlaðinn kantur er fyrir norðan Vesturgötu 4, merktur inn á kort frá 1902.⁴² Bólverkið gengur norðaustur frá Vesturgötu 4 og er suður-hluti sökkuls eystra hússins Vesturgötu 4 sem var byggt 1897.⁴³ Bólverkið gengur síðan undir húsið Grófina 1 og sést þar í kjallara.⁴⁴ Bólverkið hefur svo legið norðvestur í átt að Geirsbryggju (3-79).

Hlíðarhús 181283 3 - 67

Sérheiti: Helluland

Hlutverk: Bústaður

Tegund: Heimild 465

Aldur: 1806-1883

Lengd: 5 m

Breidd: 5 m

Ástand: Ómetið

Horfin: Já

Staðsetning: Vesturgata 6-8
X=356829,2 Y=408512,7

Staðhættir

Á korti, teiknað af V. Lottin frá 1836, er merktur inn torfbær á þessum slóðum. Húsið virðist hafa verið ein burst með viðbyggingu.⁴⁵ Á korti Sveins Sveinssonar 1876 er merktur inn tveggja bursta torfbær sem var 5 x 5 m.⁴⁶ Þessi bær stóð þar sem nú er

⁴² Herforingjaráðskort. Reykjavík 1902.

⁴³ Páll V. Bjarnarson og Helga Maureen Gylfadóttir, Húsakönnun. Vesturgata- Norðurstígur-Tryggvagata-Grófin, 9.

⁴⁴ Páll Líndal, Reykjavík, sögustaður við Sund, 1. bindi, 181.

⁴⁵ Reykjavíkurlort. Dagatal 1986, (Victor Lottin, 1836).

⁴⁶ Reykjavíkurlort. Dagatal 1986, (Uppdráttur eptir Svein Sveinsson, 1876).

Vesturgata 6-8.⁴⁷ Rósmaría Jónsdóttir selur G. Zoëga bæinn 1883.⁴⁸ Hann byggir síðan timburhús þar.⁴⁹ „Helluland reis skömmu eftir 1800. Þetta kot naut ekki mikilar virðingar í daglegu tali eins og eftirfarandi uppnefni bera með sér: Höll og Skíthöll. Það þótti aumasta kotið í vesturbænum. Því er nánar lýst svo að í rigningu hafi runnið inn í bæjargöngin svo að þar stóð vatnið í ökkla. Göngin inn í stofuna, ef svo má kalla, voru svo lág að fæstir gátu gengið þar uppréttir. Glugginn á stofunni, sem sneri út að Vesturgötu, var svo lítill að þar hefði fullorðinn maður varla komist út. Eldhúsið sem var við enda gangsins, var alltaf svo fullt af reyk að þeim sem inn kom súrnaði í augum.”⁵⁰

Hlíðarhús 181283 3 - 68

Sérheiti: Merkisteinn

Hlutverk: Bústaður

Tegund: Heimild 465

Aldur: 1835-1883

Lengd: 5 m

Breidd: 5 m

Ástand: Ómetið

Horfin: Já

Staðsetning: Vesturgata 12
X=356797,9 Y=408541,9

Staðhættir

Á korti teiknað af V. Lottin frá 1836 er merktur inn torfbær á þessum slóðum, húsið virðist hafa verið tvær burstir.⁵¹ Á korti Sveins Sveinssonar frá 1876 er merktur inn tveggja bursta torfbær sem var 6 x 6 m.⁵² Þetta hús stóð þar sem nú er Vesturgata 12.⁵³ Þessi bær er síðan

⁴⁷ Ábs., Anna Lísu Guðmundsdóttir, Samsett kort Hlíðarhús II.

⁴⁸ Bskj., Brunavirðingar B/118.

⁴⁹ Páll V. Bjarnarson og Helga Maureen Gylfadóttir, Húsakönnun, Vesturgata - Norðurstígur-Tryggvagata - Grófin, 11.

⁵⁰ Páll Líndal, Reykjavík, sögustaður við Sund, 3. bindi, 147.

⁵¹ Reykjavíkurlort. Dagatal 1986, (Victor Lottin, 1836).

⁵² Reykjavíkurlort. Dagatal 1986, (Uppdráttur eptir Svein Sveinsson, 1876).

⁵³ Ábs., Anna Lísu Guðmundsdóttir, Samsett kort Hlíðarhús II.

rifinn 1883 og þá byggt þar steinhlaðið hús á lóðinni.⁵⁴

„Á þessum slóðum var um 1835 risinn lítill torfbær, nefndur Merkissteinn. Nafnið mun til komið af því að talið var um skeið að þar væri hin upphaflegu vesturmörk kaupstaðarlóðarinnar. Það var þó ekki alls kostar rétt því þau voru austar, en nafntgiftin hélst eigi að síður.“⁵⁵

Hlíðarhús 181283 3 - 69

Sérheiti: Klettakot
Hlutverk: Bústaður
Tegund: Heimild 465
Aldur: 1847-1919

Lengd: 6 m
Breidd: 6 m
Ástand: Ómetið
Horfin: Já

Staðsetning: Tryggvagata 18
X=356822,7 Y=408547,7

Staðhættir

Samkvæmt brunavirðingum síðan 1847 hefur Jón Jónsson látið Sig. Erlendsson hafa hluta af lóð sinni sem var við Merkistein eða 2,5 ál. x 10 ál. undir byggingu Klettakots.⁵⁶

Á korti Sveins Sveinssonar 1876 er merktur inn torfbær sem var 6 x 6 m.⁵⁷ Þessi bær er einnig merktur inn á kort Sveins Sveinssonar 1887.⁵⁸ Árið 1919 er búið að byggja steinhlaðið hús á þessari lóð.⁵⁹ Bær þessi stóð þar sem nú er Tryggvagata 18.⁶⁰

⁵⁴ Páll V. Bjarnarson og Helga Maureen Gylfadóttir, Húsakönnun Vesturgata- Norðurstígur-Tryggvagata-Grófin, 14.

⁵⁵ Páll Líndal, Reykjavík, sögustaður við Sund, 3. bindi, 149.

⁵⁶ Bskj., Brunavirðingar B/1478.

⁵⁷ Reykjavíkurlort. *Dagatal 1986*, (Uppdráttur eptir Svein Sveinsson 1876).

⁵⁸ Ábs., Sveinn Sveinsson, Kort Reykjavík 1887. 1:3000.

⁵⁹ Páll V. Bjarnarson og Helga Maureen Gylfadóttir, Húsakönnun Vesturgata – Norðurstígur – Tryggvagata - Grófin, 23.

⁶⁰ Ábs., Anna Lísu Guðmundsdóttir, Samsett kort Hlíðarhús II.

Hlíðarhús 181283 3 - 70

Hlutverk: Hjallur
Tegund: Heimild 465
Aldur: 1876-1887
Lengd: 2 m
Breidd: 2 m
Ástand: Ómetið
Horfin: Já
Staðsetning: Tryggvagata 18
X=356831,2 Y=408541,9

Staðhættir

Á korti Sveins Sveinssonar 1876 er merktur inn hjallur 2 x 2 m.⁶¹ Þessi hjallur stóð þar sem nú er Tryggvagata 18.⁶² Hann er einnig merktur inn á kort Sveins Sveinssonar frá árinu 1887.⁶³

Hlíðarhús 181283 3 - 71

Hlutverk: Hjallur
Tegund: Heimild 465
Aldur: 1876
Lengd: 2 m
Breidd: 2 m
Ástand: Ómetið
Horfin: Já
Staðsetning: Tryggvagata 12
X=356803,0 Y=408581,7

Staðhættir

Á korti Sveins Sveinssonar frá 1876 er merktur inn hjallur stærð 2 x 2 m.⁶⁴ Þessi hjallur stóð þar sem nú er Tryggvagata 14.⁶⁵ Þessi hjallur er einnig merktur inn á kort Sveins Sveinssonar frá 1887.⁶⁶

Hlíðarhús 181283 3 - 72

Hlutverk: Hjallur
Tegund: Heimild 465
Aldur: 1876-1887

⁶¹ Reykjavíkurlort. *Dagatal 1986*, (Uppdráttur eptir Svein Sveinsson, 1876).

⁶² Ábs., Anna Lísu Guðmundsdóttir, Samsett kort Hlíðarhús II.

⁶³ Ábs., Sveinn Sveinsson, Kort Reykjavík 1887. 1:3000.

⁶⁴ Reykjavíkurlort. *Dagatal 1986*, (Uppdráttur eptir Svein Sveinsson, 1876).

⁶⁵ Ábs., Anna Lísu Guðmundsdóttir, Samsett kort Hlíðarhús II.

⁶⁶ Ábs., Sveinn Sveinsson, Kort Reykjavík 1887. 1:3000.

Lengd: 2 m
Breidd: 2 m
Ástand: Ómetið
Horfin: Já
Staðsetning: Tryggvagata 14
X=356798,3 Y=408574,2

Staðhættir

Á korti Sveins Sveinssonar 1876 er merktur inn hjallur 2 x 2 m.⁶⁷ Þessi hjallur stóð þar sem nú er Tryggvagata 14.⁶⁸ Þessi hjallur er ekki merktur inn á kort Sveins Sveinssonar frá 1887 og hefur því þá líklega verið horfinn.⁶⁹

Hlíðarhús 181283 3 - 73

Hlutverk: Garður
Tegund: Heimild 465
Aldur: 1876-1887

Lengd: 20 m
Breidd: 0,5 m
Ástand: Ómetið
Horfin: Já

Staðsetning: Tryggvagata 14-16
Vesturgata 12-14
X=356800,0 Y=408554,8

Staðhættir

Á korti Sveins Sveinssonar frá 1876 er merktur inn grjótgarður. Hann lá á milli hjallsins (3-71) í austur að burstabænum Klettakoti (3-69) og síðan frá miðjum garðinum að burstabænum Merkisteini (3-68).⁷⁰ Þessi garður hefur verið á lóðunum Tryggvagötu 14-16 og Vesturgötu 12-14.⁷¹ Garðurinn er ekki merktur inn á kort Sveins Sveinssonar frá 1887 og hefur því þá líklega verið horfinn.⁷²

Hlíðarhús 181283 3 - 74

Hlutverk: Matjurtagarður
Tegund: Heimild 465
Aldur: 1876

Lengd: 10 m
Breidd: 10 m
Ástand: Ómetið
Horfin: Já

Staðsetning: Vesturgata 16-16a
X=356779,6 Y=408562,3

Staðhættir

Á korti Sveins Sveinssonar 1876 er merktur inn matjurtagarður.⁷³ Þessi garður hefur verið á lóðinni Vesturgötu 16-16a.⁷⁴ Garðurinn er líka merktur inn á kort Sveins Sveinssonar frá 1887.⁷⁵

Hlíðarhús 181283 3 - 75

Sérheiti: Björnsbryggja
Hlutverk: Bryggja
Tegund: Heimild 465

Aldur: 1876
Lengd: 50 m
Breidd: 4 m
Ástand: Ómetið
Horfin: Já

Staðsetning: Vesturgata 4 -6
X=356863,5 Y=408476,7

Staðhættir

Á korti Sveins Sveinssonar frá 1876 er merkt inn bryggja.⁷⁶ Þessi bryggja hefur verið á lóð Vesturgötu 4.⁷⁷ „Vestast í grófinni var Björnsbryggja.”⁷⁸

Hlíðarhús 181283 3 - 76

Sérheiti: Grófin
Hlutverk: Vör

⁶⁷ Reykjavíkurlort. Dagatal 1986, (Uppdráttur eptir Svein Sveinsson, 1876).

⁶⁸ Ábs., Anna Lísu Guðmundsdóttir, Samsett kort Hlíðarhús II.

⁶⁹ Ábs., Sveinn Sveinsson, Kort Reykjavík 1887. 1:3000.

⁷⁰ Reykjavíkurlort. Dagatal 1986, (Uppdráttur eptir Svein Sveinsson, 1876).

⁷¹ Ábs., Anna Lísu Guðmundsdóttir, Samsett kort Hlíðarhús II.

⁷² Ábs., Sveinn Sveinsson, Kort Reykjavík 1887. 1:3000.

⁷³ Reykjavíkurlort. Dagatal 1986, (Uppdráttur eptir Svein Sveinsson, 1876).

⁷⁴ Ábs., Anna Lísu Guðmundsdóttir, Samsett kort Hlíðarhús II.

⁷⁵ Ábs., Sveinn Sveinsson, Kort Reykjavík 1887. 1:3000.

⁷⁶ Reykjavíkurlort. Dagatal 1986, (Uppdráttur eptir Svein Sveinsson, 1876).

⁷⁷ Ábs., Anna Lísu Guðmundsdóttir, Samsett kort Hlíðarhús II.

⁷⁸ Lúðvík Kristjánsson, Úr bæ í borg. 177.

Tegund: Heimild 465
Ástand: Ómetið
Horfin: Já
Staðsetning: Grófin
X=356874,1 Y=408459,7

Staðhættir

„Grófin heitir nú gata sem tengir saman Vesturgötu og Geirsgötu. Nafnið á sér langa sögu. Frá Lækjarósum fyrir neðan Arnarhól og vestur fyrir, þar sem nú er húsið Vesturgata 4 og austan við það, var fram á þessa öld melar og sandfjara en beggja vegna tóku við urð og klappir. Inn í þessa fjöru gekk vestast kriki nefndur Grófin, og náði upp undir Vesturgötu 2-4. Þetta svæði er nú allt horfið undir uppfyllingu.”⁷⁹

Hlíðarhús 181283 3 - 77

Hlutverk: Stakkstæði
Tegund: Heimild 465
Aldur: 1881

Ástand: Ómetið

Horfin: Já

Staðsetning: Vesturgata 6
X=356844,2 Y=408511,3

Staðhættir

„Fyrir norðan húsið (Vesturgötu 6) voru stakkstæði.”⁸⁰ 6. september 1881 var „G.Z. leyft að byggja hús, 18 x12 álnir, á eigin stakkstæði norðan við Læknisgötu, í túninu við Þórð í Hól.” 6/9 1881.81

Hlíðarhús 181283 3 - 78

Sérheiti: Steinhúsavör

Hlutverk: Vör

Tegund: Heimild 465

Ástand: Ómetið

Horfin: Já

Staðsetning: Geirsgata
X=356789,1 Y=408620,8

Staðhættir

„Steinhúsavör var í geil milli tveggja klapparbelta, sem voru í fjörunni fyrir neðan núverandi Norðurstíg. Úr þeirri vör var aðeins róíð skipum Steinhússinga.”⁸²

Lýsing

Þetta svæði er nú allt horfið undir uppfyllingu.

Hlíðarhús 181283 3 - 79

Sérheiti: Geirsbryggja

Hlutverk: Bryggja

Tegund: Heimild 465

Aldur: 1887

Lengd: 50 m

Breidd: 4 m

Ástand: Ómetið

Horfin: Já

Staðsetning: Vesturgata 4 -6

X=356851,3 Y=408499,1

Staðhættir

Á korti Sveins Sveinssonar 1887 er komin bryggja frá lóðinni Vesturgötu 6.⁸³ „Vestast var Geirsbryggja, kennd við Geir Zoëga og stóð niður undan verslunarhúsi hans.”⁸⁴

Hlíðarhús 181283 3 - 80

Hlutverk: Bólverk

Tegund: Heimild

Aldur: 1902

Lengd: 40 m

Breidd: 1 m

Ástand: Ómetið

Horfin: Nei ?

Staðsetning: Vesturgata 6-8

X=356837,0 Y=408517,4

Staðhættir

Bólverk eða steinhlaðinn kantur var fyrir norðan Vesturgötu 6-8 merktur inn á kort frá 1902.⁸⁵ Hann lá samsíða húsinu að norðanverðu.

⁷⁹ Páll Líndal, *Reykjavík, sögustaður við Sund* 1. bindi, 179.

⁸⁰ Páll Líndal, *Reykjavík, sögustaður við Sund* 3. bindi, 147.

⁸¹ Bskj., Brunavirðingar B/118.

⁸² Ágúst Jóseppsson, *Minningar og svipmyndir úr Reykjavík*, 84.

⁸³ Ábs., Sveinn Sveinsson, *Kort Reykjavíkur* 1887. 1:3000.

⁸⁴ Lúðvík Kristjánsson, *Úr bæ í borg*, 177.

⁸⁵ *Herforingjaráðskort*, Reykjavík 1902.

Hlíðarhús 181283 3 - 81

Hlutverk: Stétt
Tegund: Hleðsla
Lengd: 4 m
Breidd: 6 m
Ástand: Ómetið
Horfin: Nei
Staðsetning: Vesturgata 4
X=356861,8 Y=408482,8
Staðhættir
Baka til við Vesturgötu 4 er stétt.



Mynd 13. Stétt við Vesturgötu 4, (3-81).

Lýsing
Stéttin er samsett úr grjóti sem er frá 20 x 20 cm til 50 x 50 cm, þökkalega vel lögð, steipt hefur verið yfir stéttina að hluta.

Hlíðarhús 181283 3 - 82

Hlutverk: Naust?
Tegund: Heimild
Lengd: 4 m
Breidd: 6 m
Ástand: Ómetið
Horfin: Já
Staðsetning: Vesturgata
X=356843,8 Y=408481,4
Staðhættir
Á korti sem sýnir kaupstaðarlóðina 1787 er merkt inn hús rétt vestan við lóða-mörkin.⁸⁶ Þessi bygging hefur því tilheyrt Hlíðarhúsum og hugsanlega hefur þetta verið naust Hlíðarhúsanna.

⁸⁶ Reykjavíkurlort. Dagatal 1986, (Rasmus Lievog, 1787).

Hlíðarhús 181283 3 - 83

Hlutverk: Torfhús
Tegund: Heimild 465
Aldur: 1836
Lengd: 2 m
Breidd: 4 m
Ástand: Ómetið
Horfin: Já
Staðsetning: Vesturgata 6
X=356845,5 Y=408498,7
Staðhættir
Á korti teiknað af V. Lottin frá 1836 er merkt inn torfhús um 20 m vestan við bæinn Helluland (3-67), húsið virðist hafa verið ein burst.⁸⁷ Þetta hús er ekki teiknað inn á kort Sveins frá 1876⁸⁸ sem gefur til kynna að það hafi þá þegar verið horfið þegar kortið er gert.

Hlíðarhús 181283 3 - 84

Hlutverk: Torfhús
Tegund: Heimild 465
Aldur: 1836
Lengd: 2 m
Breidd: 2 m
Ástand: Ómetið
Horfin: Já
Staðsetning: Vesturgata 6
X=356840,8 Y=408507,6
Staðhættir
Á korti teiknað af V. Lottin frá 1836 er merkt inn torfhús um 2 m vestan við bæinn Helluland (3-67). Húsið virðist hafa verið ein burst.⁸⁹ Þetta hús er ekki teiknað inn á kort Sveins 1876, þá trúlega horfið þegar kortið er gert.⁹⁰

Hlíðarhús 181283 3 - 85

Hlutverk: Hjallur
Tegund: Heimild 465
Aldur: 1836
Lengd: 2 m

⁸⁷ Reykjavíkurlort. Dagatal 1986, (Victor Lottin, 1836).

⁸⁸ Reykjavíkurlort. Dagatal 1986, (Uppdráttur eftir Svein Sveinsson, 1876).

⁸⁹ Reykjavíkurlort. Dagatal 1986, (Victor Lottin, 1836).

⁹⁰ Reykjavíkurlort. Dagatal 1986, (Uppdráttur eftir Svein Sveinsson, 1876).

Breidd: 2 m
Ástand: Ómetið
Horfin: Já
Staðsetning: Vesturgata 6
X=356848,2 Y=408505,2

Staðhættir

Á korti teiknað af V. Lottin frá 1836 er merktur inn hjallur um 6 m vestan við bæinn Helluland (3-67).⁹¹ Þetta hús er ekki teiknað inn á kort Sveins frá 1876⁹² sem gefur til kynna að það hafi þá þegar verið horfið.

Hlíðarhús 181283 3 - 86

Hlutverk: Hjallur
Tegund: Heimild 465
Aldur: 1836
Lengd: 2 m
Breidd: 2 m
Ástand: Ómetið
Horfin: Já
Staðsetning: Vesturgata 12
X=356794,2 Y=408544,3

Staðhættir

Á korti teiknað af V. Lottin frá 1836 er merktur inn hjallur rétt sunnan við bæinn Merkistein (3-68).⁹³ Þetta hús er ekki teiknað inn á kort Sveins frá 1876⁹⁴ sem gefur til kynna að það hafi þá þegar verið horfið þegar kortið er gert.

Hlíðarhús 181283 3 - 87

Hlutverk: Hjallur
Tegund: Heimild 465
Aldur: 1836
Lengd: 2 m
Breidd: 4 m
Ástand: Ómetið
Horfin: Já
Staðsetning: Vesturgata 12
X=356788,1 Y=408548,4

Staðhættir

Á korti teiknað af V. Lottin frá 1836 er merktur inn hjallur 8 m suðvestan við bæinn Merkistein (3-68).⁹⁵ Þetta hús er ekki teiknað inn á kort Sveins frá 1876,⁹⁶ þá trúlega horfið.

Hlíðarhús 181283 3 - 88

Hlutverk: Hjallur
Tegund: Heimild 465
Aldur: 1836
Lengd: 2 m
Breidd: 2 m
Ástand: Ómetið
Horfin: Já
Staðsetning: Vesturgata 12
X=356811,5 Y=408555,9

Staðhættir

Á korti teiknað af V. Lottin frá 1836 er merktur inn hjallur norðan við bæinn Merkistein (3-68). Þetta hús er ekki teiknað inn á kort Sveins frá 1876⁹⁷ sem gefur til kynna að það hafi þá þegar verið horfið þegar kortið er gert.

⁹¹ *Reykjavíkurlort. Dagatal 1986*, (Victor Lottin, 1836).

⁹² *Reykjavíkurlort. Dagatal 1986*, (Uppdráttur eptir Svein Sveinsson, 1876).

⁹³ *Reykjavíkurlort. Dagatal 1986*, (Victor Lottin, 1836).

⁹⁴ *Reykjavíkurlort. Dagatal 1986*, (Uppdráttur eptir Svein Sveinsson, 1876).

⁹⁵ *Reykjavíkurlort. Dagatal 1986*, (Victor Lottin, 1836).

⁹⁶ *Reykjavíkurlort. Dagatal 1986*, (Victor Lottin, 1836).

⁹⁷ *Reykjavíkurlort. Dagatal 1986*, (Uppdráttur eptir Svein Sveinsson, 1876).

6. Niðurstöður

Á skipulagsreitnum sem er aðeins hluti Hlíðarhúsajarðarinnar eru skráðir 25 minjastaðir.

Upp úr 1866 var bærinn Reykjavík farinn að vaxa til vesturs eftir Hlíðarhúsastíg. Nýting Hlíðarhúsajarðarinnar breyttist frá því að vera bújörð í að vera tómthúsbylí sem urðu einkennandi fyrir svæðið. Þetta má greina af fjölda bústaða, þurrkhjalla og uppsátra (tafla 1). Grjótgarðar og girðingar skiptu svæðinu upp í lóðir sem voru notaðar sem stakkstæði en auk þess var á svæðinu einn matjurtagarður.

| Jörð | Torfbær | Torfhús | Vegur | Bryggja | Vör | Hjallur | Annað | Samt. |
|-----------|---------|---------|-------|---------|-----|---------|-------|-------|
| Hlíðarhús | 3 | 3 | 2 | 2 | 2 | 7 | 6 | 25 |

Tafla 1. Fjöldi og flokkar búsetuminja.

Svæðinu hefur mikið verið raskað með byggingum. Jarðvegsþykkt hefur aldrei verið mikil þarna, samanber að klöppin stendur upp í garð hjá Vesturgötu 16. Náttúruleg strönd er ekki lengur sjáanleg vegna uppfyllinga. Stór hluti af minjum er því horfinn. Inn á milli gætu þó leynst fornleifar t.d. undir gömlum timburhúsum sem ekki hafa kjallara. Auk þess má vænta að bólverkin (3-66 og 3-80) séu enn heil þar sem þau voru rammlega byggð. Engar fornleifarannsóknir hafa verið framkvæmdar á þessum skipulagsreit.

Elstu minjarnar er trúlega að finna í nágrenni Grófarinnar en þar er um að ræða mjög gamalt uppsátur sem er frá því um landnám, þar á eftir gömlu tómthúsbylí frá 19. öld, þ.e.a.s. Helluland, Merkisteinn og Klettakot. Nauðsynlegt er því að hafa fornleifaefirlit með reitnum þegar framkvæmdir fara þar fram.

7. Heimildaskrá

Útgefið efni

Ágúst Jósefsson, *Minningar og svipmyndir úr Reykjavík*. Leiftur, Reykjavík, 1959.

Árni Magnússon og Páll Vídalín, *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín III*. bindi. *Gullbringu- og Kjósarsýsla*. 2.útg. [ljósprentun], Hið íslenska fræðafélag, Kaupmannahöfn, 1982.

Bæjarstjórn í mótun 1836-1872. Lýður Björnsson sá um útgáfu. Sögufélag, Reykjavík, 1971 (*Safn til sögu Reykjavíkur. Acta civitatis Reykiavicensis 2*).

Diplomatarium Islandicum. Íslenskt fornbréfasafn, sem hefir inni að halda bréf og gjörninga, dóma og máldaga, og aðrar skrár, er snerta Ísland eða íslenska menn VII. bindi, 1269-1415. Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík, 1896.

Einar S. Arnalds, *Reykjavík, sögustaður við Sund, 4. bindi. Lykilbók*. Örn og Örlygur, Reykjavík, 1989.

Herforingjaráðskort. Generalstabens topografiske Afdeling. Reykjavík 1:5000, Reykjavík og Kaupmannahöfn, 1902.

J. Johnsen, *Jarðatal á Íslandi, með brauðlýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu*. J. Johnsen gaf út, Kaupmannahöfn, 1847.

Jón Helgason, „Reykjavík í reifum”, *Þættir úr sögu Reykjavíkur gefnir út vegna 150 ára afmælis Reykjavíkurkaupstaðar*. Félagið Ingólfur, Reykjavík, 1936, 1-16.

Jón Helgason, *Reykjavík, þættir og myndir úr sögu bæjarins 1786-1936*. Ísafoldarprentsmiðja, Reykjavík, 1937.

Klemens Jónsson, *Saga Reykjavíkur I.-II. bindi*. Reykjavík, 1929.

Lúðvík Kristjánsson, *Úr bæ í borg: nokkrar endurminningar Knud Zimsens fyrrverandi borgarstjóra um þróun Reykjavíkur*. Helgafell, Reykjavík, 1952.

Ólafur Lárusson, *Byggð og saga*. Ísafoldarprentsmiðja, Reykjavík, 1944.

Páll V. Bjarnarson og Helga Maureen Gylfadóttir, *Húsakönnun, Vesturgata-Norðurstígur-Tryggvagata-Grófin*. Árbæjarsafn, Reykjavík, 2001 (*Skýrslur Árbæjarsafns nr 88*).

Páll V. Bjarnarson, Helga Maureen Gylfadóttir, Anna Lía Guðmundsdóttir, Jóna Kristín Ámundadóttir, *Mýragötusvæði, Húsakönnun og fornleifaskráning*, Reykjavík 2003 (*Skýrslur Árbæjarsafns nr 98*).

Páll Líndal, *Reykjavík, sögustaður við Sund*. 2. bindi, H-P. Örn og Örlygur, Reykjavík 1987.

Páll Líndal, *Reykjavík, sögustaður við Sund*. 3. bindi, R-Ö. Örn og Örlygur, Reykjavík 1988.

Ragnheiður Traustadóttir, *Fornleifaskráning á Miðnesheiði*. Þjóðminjasafn Íslands, Garðabær, 2000.

Reykjavíkurkort. Dagatal 1986. Kort af Reykjavík frá 1715-1981. Unnið af Nönnu Hermansson, Salvöru Jónsdóttur og Mjöll Snæsdóttur. Árbæjarsafn, Reykjavík, 1986.

Óútgefið efni

Ábs., Anna Lía Guðmundsdóttir: Samsett kort Hlíðarhús II. 2003.

Ábs., Sveinn Sveinsson, Kort Reykjavík 1887. 1:3.000.

Bskj., Brunavirðingar, B/118.

Bskj., Brunavirðingar, B/1478.

Myndasafn Árbæjarsafns: Ábs. -10.406.

Myndasafn Árbæjarsafns Ábs- 10.404. Kopía frá National Museet Danmörk.

Örnefnaskrá, Reykjavík og Seltjarnarnes, Ari Gíslason. Örnefnastofnun.

Vefsíður

Borgarvefsjái: <http://borgarvefsja.is/website/bvs/>

Þjóðminjalög 107/2001 <http://www.althingi.is/lagas/nuna/2001107.html>